

# GJALDSKRÁ

## yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

### 1. gr.

Gjald Hollustuverndar ríkisins fyrir ráðgjöf og sérfræðipjónustu skal vera sem hér segir:

- |                        |                 |
|------------------------|-----------------|
| 1. Sérfræðingur .....  | 3.000 kr./klst. |
| 2. Aðstoðarmaður ..... | 2.500 kr./klst. |
- Tímar skulu taldir í heilum og hálfum klukkustundum.

### 2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast á dagvinnu-tímabili skulu vera sem hér segir:

<b>Eðlis- og efnarannsóknir:</b>	<b>Kr.</b>
Aflatoxin (ELISA) .....	3.600
Aflatoxin (UV-skimun) .....	1.000
Ákvörðun á sýrumagni (titrun) .....	720
Ákvörðun á sýrustigi (pH).....	480
COD .....	3.520
Eðlisþyngd (pyknometer) .....	1.000
Fitumæling (Gerber) .....	1.080
Fosfatase próf .....	720
Greining á azolitarefni .....	3 000
Greining á enterotoxini .....	3.520
Gruggmæling á vatni (NTU).....	480
Leiðni (µS/cm) .....	480
Litprófun (reduktase próf) .....	720
Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond) .....	400
Peroxidase próf .....	720
Tegundagreining á kjöti (ELISA) .....	3.600
Varnarefni í grænmeti og ávöxtum (GSMS), grunngjald kr. 10.000 og hver rannsóknarþáttur .....	1.500
Þurrefnisákvörðun .....	720
<b>Örverurannsóknir:</b>	
Aeromonas hydrophyla .....	2.200
Bacillus cereus .....	1.000
Bifidobacter bifidum .....	1.000
Brochotrix thermospecta .....	1.000
Campylobacter, ræktun, greining .....	2.200
Clostridium perfringens .....	1.280
Delvopróf (antibiotika) .....	1.000
Enterokokkar .....	1.000
Eschericia coli .....	1.360
Ger- eða myglusveppir .....	880
Gram-neikvæðir gerlar á CV agar .....	880
Hitapólnir gerlar .....	1.040

Kóligerlar, MPN eða VRBA .....	680
Legionella, ræktun og greining .....	1.360
Listeria monocytogenes .....	3.200
Listeria, ræktun og greining .....	2.200
Litmus ræktun .....	1.800
Löftfirrð ræktun .....	1.200
Mjólkursýrugerlar .....	960
Pseudomonas aeruginosa .....	1.000
Pseudomonas, flúoriserandi .....	1.000
Rodac-skálar með æti.....	120
Salmonella, forræktun og forgreining .....	2.040
Salmonella, Shigella bíogreining með API2OE (með undirbúningi) ...	2.640
Salmonella, Shigella serumgreining á stofni .....	1.880
Saurkóligerlar, MPN eða VRBA .....	680
Shigella, forræktun og forgreining .....	2.040
Staphylococcus aureus .....	880
Sulfit-afoxandi clostridia .....	1.000
Talning eftir ræktun á agaræti (mism. hitast.) .....	880
Vibro parahaemolyticus, forræktun og forgreining .....	2.200
Yersinia enterocolitica .....	2.200

Antibiotika mæling á agaræti\*\*

Ræktun með Millipore síun\*\*

Smásjárrannsókn\*\*

\*\*Sjá 8. grein.

### 3. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir efna- og örverurannsóknir samkvæmt 2. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutímabils.

### 4. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald fyrir ferðir og uppihald í samræmi við reglur fjármálaráðuneytisins.

### 5. gr.

Gjald vegna undirbúnings sýnis og gerð vottorðs er kr. 950. Gjald fyrir hvert vottorð umfram eitt er kr. 680.

### 6. gr.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er veittur 35 % afsláttur frá gjaldskrá. Afsláttur fyrir sýni sem unnin eru í tengslum við úttektar- eða sérverkefni ákvarðast sérstaklega.

### 7. gr.

Heimilt er að veita öðrum aðilum en heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga afslátt frá gjaldskránni vegna stórra verkefna og verði samið um það sérstaklega.

### 8. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal Hollustuvernd ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald samkvæmt 1. gr.

## 9. gr.

Stofnuninni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

## 10. gr.

Gjaldldagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu og er stofnuninni heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjaldldaga.

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. nóvember 1994.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 537/1991 yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

*Umhverfissráðuneytið 21. október 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUR

### fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands.

## 1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á miðhálandi Íslands, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 13 fulltrúar.

Umhverfissráðherra skipar formann nefndarinnar en héraðsnefndir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavetninga, Skagfirðinga, Eyjafjarðar, Suður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslu, sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, héraðsnefndir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangæinga og Árnesinga skipa hver um sig einn fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

## 2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985 eftir því sem við á.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfissráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjóra ríkisins.

## 3. gr.

Fundi í samvinnunefnd, hluta hennar eða framkvæmdanefnd skal að jafnaði halda á tveggja mánaða fresti eða oftár eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.